

Þriðjudaginn 3. nóvember 1987.

Nr. 303/1987. **Valdstjórnin**

gegn

Þorfinni Ómarssyni

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfisvipting.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Með úrskurði sakadóms Reykjavíkur 13. október 1987, sem birtur var varnaraðila 16. s.m., var synjað niðurfellingar á ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík 22. september s.l. um að varnaraðili, Þorfinnur Ómarsson, skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, en sú ákvörðun hafði verið tilkynnt héraðsdómara 24. september s.l.

Með kæru 16. október 1987, er barst Hæstarétti 20. s.m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. i.f. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til samþykktar nr. 318, 1977 um breytingu á lögreglu-samþykkt fyrir Reykjavík nr. 2, 1930, sbr. 4. mgr. 50. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 81. gr. sömu laga svo og forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Á l y k t a r o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. október 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 13. október er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ólafi Berki Þorvaldssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Kærði, Þorfinnur Ómarsson, Háaleitisbraut 27, Reykjavík, fæddur 25.10. 1965, hefur krafist þess, að ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 22. september sl. um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða, verði felld úr gildi.

Málavextir:

Kl. 21:43 þriðjudaginn 22. september sl. ók kærði bifreiðinni R-66752 um Vesturlandsveg. Á vegarkaflanum í Ártúnsbrekku mætti kærði lög-
reglubifreiðinni R-20012, sem ekið var vestur Vesturlandsveg á móti kærða. Samkvæmt skýrslu lögreglu mældist hraði bifreiðar kærða 122 km/klst. Lögreglumennirnir stöðvuðu því akstur kærða og höfðu tal af honum. Samkvæmt skýrslu lögreglu var þá myrkur úti en lýsing á vegi góð.

Í frumskýrslu lögreglu kvaðst kærði hafa ekið á u.þ.b. 100 km/klst og í skýrslu síðar sama dag kvaðst hann hafa ekið á u.þ.b. 90 km/klst. Kærði hefur bæði hjá lögreglu og fyrir dómi rengt mældan ökuhraða.

Í framburðarskýrslum, sem teknar voru af lögreglumönnum sama dag og mæling fór fram, staðfesta þeir mælinguna og greina frá því að bifreið kærða hafi ekið áberandi hraðast af þeim bifreiðum, sem um veginn fóru er mæling var gerð. Þeir kveðast aldrei hafa misst sjónar af bifreið kærða frá mælingu þar til hún var stöðvuð.

Samkvæmt dagbók lögreglunnar í Reykjavík frá 22. september sl. var ratsjá lögreglubifreiðarinnar prófuð fyrir mælingu kl. 21:15 en kl. 21:49 eftir mælingu.

Samkvæmt ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dags. 22. september sl., sem var birt kærða sama dag, var hann sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Kærða var hinn 12. október boðið að ljúka máli þessu með dómsátt og greiðslu 12.000,00 króna sektar og sviptingu ökuleyfis í 2 mánuði frá 22. september sl. að telja en hann hafnaði því. Hann kvaðst hafna sátt af þeirri ástæðu að hraði bifreiðar hans hafi í umrætt skipti ekki verið meiri en 100 km/klst og hafi einhver mistök átt sér stað hjá lögreglu er hún mældi hraða bifreiðar hans.

Niðurstöður:

Kærða er gefið að sök að hafa ekið með 122 km/klst hraða um Vesturlandsveg, þar sem heimilaður hámarkshraði er 60 km/klst, sbr. samþykkt nr. 318 25. ágúst 1977 um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 7. janúar 1930. Með hliðsjón af því sem nú hefur verið rakið bar lögreglustjóranum í Reykjavík sbr. 6. mgr. sbr. 1. mgr. 81. gr. umferðarlaga að svipta kærða ökuleyfi til bráðabirgða. Enda þótt kærði hafi nú hafnað að ljúka málinu með dómsátt, þykja eigi efni til að verða við kröfu hans um að fella ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík úr gildi að svo stöddu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu kærða, Þorfinns Ómarssonar, um að felld verði úr gildi ákvörðun lögreglustjórans í Reykjavík, dagsett 22. september 1987, um að svipta hann ökuleyfi til bráðabirgða er synjað að svo stöddu.